

Fundargerð háskólaráðs

301. fundur miðvikudaginn 9. mars 2011
fundaherbergi 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.15.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir varafulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir fundarritari

Gestir:

Ólína Freysteinsdóttir verkefnastjóri stjórnsýslu rannsókna
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri og forstöðumaður kennslusviðs
Stefán Jóhannsson sérfræðingur í upplýsingatækni

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 300. fundar

1008038

Lagðar voru til breytingar á fundargerð og verður hún send út til samþykktar.

2. Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna, staðan

Rektor fór yfir stöðuna á starfi verkefnisstjórnar um samstarf opinberu háskólanna og lagði fram drög að kynningarpósti sem sendur verður til starfsmanna og nemenda í tilefni af opnun vefsíðu um samstarfið. Stefnt er að opnun vefsíðunnar á næstu dögum og sýndi rektor nefndarmönnum síðuna sem er enn í vinnslu.

3. Úthlutun úr Rannsóknasjóði HA

1101018

Ólína Freysteinsdóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Umsóknarfrestur var til 1. desember sl. og var umsækjendum svarað í janúar 2011. Alls bárust 37 umsóknir þar af 33 um styrki til rannsókna. Úthlutað var kr. 12.582.000 til 20 umsækjenda. Ólína svaraði fyrirspurnum nefndarmanna. Háskólaráð samþykkti úthlutun úr rannsóknasjóði einróma. Rektor þakkaði Ólínu fyrir og fór hún af fundi.

4. Nám- og kennsluskrá 2011-2012

Lagt fram til kynningar.

Sigrún Magnúsdóttir og Stefán Jóhannsson mættu á fundinn og bauð rektor þau velkomin. Sigrún sagði frá vinnu þeirri sem hefur verið unnin við uppsetningu nám- og kennsluskrár. Unnið hefur verið að því að samræma texta og uppsetningu milli fræðasviða og var skipaður ritstjóri á hverju fræðasviði sem var í tengslum við Stefán.

S. P. S.
S. J.
R. A.
S. H.

Stefán sýndi nefndarmönnum hvernig upplýsingar úr nám- og kennsluskrá birtist á vef háskólans og hvernig uppbygging námskrár er annars vegar og kennsluskrár hins vegar.

Almennt séð gekk vinna við nám- og kennsluskrá vel fyrir sig.

Rektor þakkaði Sigrúnu og Stefáni fyrir og fór Stefán af fundi.

5. Reglur um gæðaráð

0804017

Sigrún sat áfram undir þessum lið. Lögð var fyrir háskólaráð tillaga að reglum um gæðaráð. Í þeim er m.a. lagt til að utan lögbundinna fulltrúa sitji tveir fulltrúar nemenda í ráðinu og einnig tveir fulltrúar starfsmanna, þar af annar þeirra akademískur. Fundarmenn lýstu yfir stuðningi við þá tillögu. Rektor þakkaði Sigrúnu fyrir og fór hún af fundi.

Háskólaráð samþykkti tillögu að reglum um gæðaráð einróma.

6. Önnur mál

Fundarmenn samþykktu að skoða tillögu að fundartímum háskólaráðs á vormisseri og láta vita ef dagsetningar gengu ekki upp: 29. mars, 14. apríl, 23. maí og 24. júní.

Rektor sagði frá málþingi um framtíð íslenskrar tungu í háskólum sem fram fer þann 10. mars á Þjóðminjasafni Íslands, en hann er einn af framsögumönnum málþingsins.

Jóna bendir á að nýfallinn dómur í máli Háskólans á Akureyri gegn Stefáni G. Jónssyni og gagnsök sé nú aðgengilegur á vef Hæstaréttar Íslands og bendir á að málið sé prófmál í starfsmannalögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.40.



Jóna Jónsdóttir

Jóna Jónsdóttir

Kristín Þórgeyisdóttir

Hilma Einarsdóttir